

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 126/2004

frá 24. september 2004

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004 frá 9. júlí 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1647/2003 frá 18. júní 2003 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2309/93 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi bætist við á undan lokamálsgrein inngangsorðanna í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:
„Við framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 2309/93 skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 15g (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:
„- **32003 R 1647**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1647/2003 frá 18. júní 2003 (Stjtíð. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1647/2003, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 23 og EES-viðbæti við Stjtíð. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 19.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.